

ræða fyrir bæjarstjórnarfund ungarfólksins

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem hlýða á. Ég heiti Björn Viktor og ætla ég að fjalla um tengsl bæjarfélagsins við íþróttalífið hér á Akranesi

Til að byrja með langar mig að hrósa þeirri gífurlegu uppbyggingu sem er að eiga sér stað á Jaðarsbökkum, það er frábært að sjá þær veigamiklu teikningar af húsinu og verður gaman að fá að stunda sínar íþróttir og heilsurækt í glæsilegu húsnæði sem mun vonandi hafa allt sem þarf til að byggja upp heilbrigða íþróttastarfsemi og heilsurækt. Sundlaugin á Jaðarsbökkum var mikið rædd á Barnaþinginu sem átti sér stað fyrir í mánuðinum og var þar helst nefnt hversu stutt sundlaugin er opin og fannst krökkunum mjög skrítið að geta ekki verið lengur í sundi virka daga og einnig bentu þau á að ekki er hægt að fara í sund eftir kvöldmat um helgar. Ef sundlaugar í kringum okkur og í bæjarfélögum sem eru á svipaðri stærðargráðu og Akranes eru skoðaðar kemur í ljós að Akranes er með styttri opnunartíma á virkum dögum en til að mynda Borgarnes, Mosfellsbær, Selfoss og Keflavík, ef við horfum á höfuðborgarsvæðið eru stærstu laugarnar opnar lengur alla daga vikunnar.

Það sem við í ungmennaráði teljum að þessar lengingar á opnunartímum muni skila er til að mynda fleiri og lengri fjölskyldustundir þar sem tengls barna og foreldra myndast. Lengri opnunartímar myndu líka veita foreldrum það tækifæri að fara í sund eða líkamsrækt eftir að börnin eru sofnuð. Þessir tveir punktar myndu báðir styrkja sveitafélagið sem heilsueflandi og barnvænt sveitafélag

Með lengri opnunartímum sundlaugarnar á Jaðarsbökkum gætum við komið okkur á þar við Reykjavík í þessu málefni og mögulega lyft ránni hærra fyrir sveitafélögin á landsbyggðinni

Íþróttir hafa lengi tengt fólk á Akranesi saman og er hægt að segja að íþróttir séu einskonar sameiningar tákni bæjarfélagsins, þess vegna gífurlega mikilvægt að okkar mati að bjóða upp á Íþróttastarfsemi sem nær til sem flestra. Þetta þýðir það að við þurfum að gera það sem við getum í að gera allar íþróttir sýnilegar og koma til móts við fjölskyldur fjárhagslega. Þar kemur frístundastyrkurinn inn, í ár hækkaði frístundastyrkurinn fyrir annað og þriðja barna sem er frábært en ef við horfum á sveitarfélögin í kringum okkur og sem eru á svipaðri stærðargráðu og Akranes kemur í ljós að við erum með lægri frístundastyrk heldur en Árborg, Reykjanesbær og Mosfellsbær þrátt fyrir hækkanir. að okkar mati getur sveitarfélagið gert betur í þessum málefnum og hækkað frístundastyrkinn en meira. frístundastyrkurinn hefur einnig ekki verið hækkaður í heild sinni hér eins og í öðrum sveitarfélögum og má þar benda á að árið 2020 var frístundastyrkurinn sá sami hér og í Árborg en nú tveimur árum seinna er hann 10.000 krónum hærri í Árborg heldur en hér ef miðað er við fyrsta barn. hækkan

frístundastyrks myndi hjálpa fjölskyldum og myndi þar að leiðandi minnka brottfall úr íþróttum vegna mikils kostnaðar við æfingagjöld.

Aðstæður til íþróttar er nokkuð góð hér á Akranesi, en það mætti að okkar mati gera íþróttir aðgengilegri fyrir nokkrar hópa, meðal annars fatlaða, kynsegin og börn af erlendum uppruna. fyrir fatlaða mætti skoða betur hvernig aðgengi þeirra er að íþróttafélögum á Akranesi, til að mynda er nokkuð erfitt fyrir fatlaða einstaklinga að komast niður í keilusal. Akranes gæti hjálpað með það með því að koma lyftu þarna niður eða bæta aðgengi niður tröppurnar til að fólk í hjólastól komist til að mynda niður. til að koma til móts við kynsegin einstaklinga væri til að mynda hægt að setja upp kynlaus klósett eða kynlausa klefa í íþróttahúsum bæjarins. Nú nýverið tók Akranes á móti hópi flóttafólks frá Úkraínu, í þeim hópi eru meðal annars börn og ungmenni sem hefðu líklega áhuga á því að stunda einhverjar íþróttir, hvað er Akranes að gera til að styðja við þau og önnur börn af erlendum uppruna þannig að þau hafi sömu tækifæri og öll önnur börn hvort sem þau eru af Íslenskum eða erlendum uppruna? getur bæjarfélagið gert betur í þeim málefnum?

Á þessum tveimur spurningum vill ég enda erindi mitt  
Takk fyrir